

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2018, fimmtudagurinn 18. janúar var haldinn 161. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Fólkvangi á Kjalarnesi og hófst kl. 17.09. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Ólafur Þór Zoega, Eldey Huld Jónsdóttir, Guðfinna Ármannsdóttir og Hafsteinn Númason, Ásgeir Harðarson sem sat fyrir Jónu Björk Sætran, áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina. Auk þeirra sat Sigbór Magnússon áheyrnarfulltrúi Íbúasamtaka Kjalarness, Ingibjörg Sigurpórsdóttir framkvæmdarstjóri Miðgarðs, Margrét Richter deildarstjóri fjármála og rekstrar í Miðgarði og Sara Ósk Rodríguez Svönudóttir, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um umferðaröryggi á Kjalarnesi. Lagt var fram erindi frá Íbúasamtökum Kjalarness um tvöföldun Vesturlandsvegar, dags. 12. desember 2017. Samþykkt að halda opinn fundur um umferðaröryggi á Kjalarnesi, fimmtudaginn 22. febrúar næstkomandi, kl. 17.30 í Fólkvangi á Kjalarnesi í samstarfi við Íbúasamtök Kjalarness.
2. Fram fer umræða um starfsáætlun hverfisráðs Kjalarness. Samþykkt að að halda opinn fund fyrir Kjalnesinga um málefni Kjalarnesbúa, fimmtudaginn 8. febrúar kl. 20.00 í Fólkvangi á Kjalarnesi. Samþykkt að auglýsa eftir styrkumsóknum í hverfisráðssjóð fyrir næstkomandi aprílfund ráðsins. Styrkupp hæð og reglur verða auglýstar um leið.
3. Lögð fram, til kynningar, útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs varðandi Esjumela og Varmadal, dags. 5. janúar 2018.

Fundi slitið kl. 18.25

Sigríður Pétursdóttir

Eldey Huld Jónsdóttir
Hafsteinn Númason

Guðfinna Ármannsdóttir
Ólafur Þór Zoega